

FUNDARGERÐ

152. stjórnarfundur KRAFT

152. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 15. mars 2023, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn, Auðunn, Aron Ingi, María, Kristleifur, Lára og Laufey
Fundarritari : Laufey

Nýr formaður KRAFT, Hinrik Pálsson, setti fundinn.

1. NÝ STJÓRN

Ný stjórn KRAFT hefur tekið til starfa og skipt með sér verkum :

Hinrik Pálsson, formaður
Þórunn Brynja Jónasdóttir, varaformaður
Aron Ingi Gautason, gjaldkeri
Laufey Agnarsdóttir, ritari
Auðunn Jónsson, íþróttastjóri og meðstjórnandi
Kristleifur Andrésson, meðstjórnandi
María Guðsteinsdóttir, meðstjórnandi

Lára Bogey Finnbogadóttir, starfsmaður

2. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

3. MÓTAMÁL

EM öldunga gekk mjög vel og frábær árangur hjá okkar fólki.

ÍM í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum í búnaði gekk mjög vel. Metfjöldi keppenda skráður, samtals 74, líklega það sem koma skal miðað við vaxandi áhuga á íþróttinni.

Byrjendamótið gekk vel. Þar sem og á ÍM var slegið met í fjölda keppenda og má draga af því lærdóm hvort umgjörð þarf eitthvað að breytast þá því móti til að láta allt ganga upp.

Dómarapróf var haldið samhliða byrjendamótinu. Skriflegt próf var haldið deginum á undan. Fimm voru skráðir í prófið en aðeins þrír náðu skriflega prófinu og þ.a.l. aðeins þessir þrír sem gátu tekið verklega hlutann daginn eftir. Vöntun er á dómurum og því miður að sjá að þetta er niðurstaðan en hún var sambærileg fyrir ári síðan.

Skoða þarf með dómaranefnd hvort setja eigi skilyrði fyrir hverjir megi taka dómaraprófið. Stjórn KRAFT vill brýna fyrir formönnum félaga að senda kandidata sem hafa bæði keppnisreynslu og sannarlega áhuga á dómaraströfum. Til að geta tekið verklega prófið þurfa kandidatar að ná að lágmarki 80% í skriflega prófinu. Stjórn KRAFT er sammála að dómaraefni þurfa að vera á 18. aldursári. Breyta þarf 28. grein í Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni.

Næstu mót eru ÍM í bekkpressu (klassík og í búnaði) í Kópavogi (23. apríl) og ÍM í réttstöðulyftu á Akureyri (20. maí). Fyrsta mót nýstofnaðrar lyftingadeildar KA.

Bikarmótið í bekkpressu (klassík og í búnaði) ekki kominn með mótsstað. Er í vinnslu.

Bikarmótið í kraftlyftingum (klassík og búnaði) verður haldið í Mosó. Staðfesta við mótshaldara mótstað.

Undirbúningur fyrir Vestur-Evrópumótið er á fullu. Það mót verður lærdómsmót fyrir KRAFT. Mótið verður samhent átak Massa og KRAFT.

NM unglunga verður á Íslandi á næsta ári (2024).

RIG verður árið 2024 haldið í mars en ekki janúar. Verið er að skoða að beina sjónum frekar að Norðurlöndunum þegar kemur að erlendum keppendum. Í ólympískum í ár var t.d. keppni á milli Norðurlanda, tveir frá hverju landi. Uppgjörsfundur RIG verður í lok mars og þá munu koma skýrari skilaboð frá skipuleggjendum.

4. MÓTANEFND

Mótanefndin byrjuð að teikna upp 2024 og 2025. Breytt skipulag er á keppnum erlendis sem krefst breytts skipulags á keppnum hér heima.

Mótanefnd hefur verið skipuð þremur aðilum en einn aðili hefur dregið sig úr nefndinni. Stjórn samþykkti einróma að Þorbjörg Matthíasdóttir komi í hans stað.

5. LANDSLIÐSVERKEFNI

EM í kraftlyftingum í búnaði verður 2. -7. maí
Aðalþjálfari : Auðunn
Aðstoðarmenn : Lára Bogey og Þorsteinn Ægir.
EPF þingið verður á EM í búnaði, verður 4.maí.
Fjöldi keppenda gerir ekki kröfur um dómara frá Íslandi.

HM í bekkpessu
Enginn keppandi frá Íslandi.

HM í klassískum kraftlyftingum og ársþing IPF - júní
Þarf ekki að senda dómara vegna fjölda keppenda en verður skoðað af dómarnefnd. Spurning um að fá reynslu erlendis.
Aðalþjálfari : Auðunn
Astoðarmenn : Lára Bogey og Hinrik
IPF ársþingið : Hinrik
Dómari : X

NM unglunga - september
Aðalþjálfari : x
Aðstoðarmenn : Lára Bogey og X
Dómarar : Þórunn Brynja tekur Cat II prófið á mótinu. Laufey fer einnig með sem dómari (mikill fjöldi íslenskra keppenda).

Önnur verkefni erlendis eru í vinnslu.

Stjórn KRAFT fái innlegg frá landsliðsnefnd og dómarnefnd um verkefni erlendis á árinu.

6. AFREKSMÁL

Vésteinn Hafsteinsson er nýr afreksstjóri ÍSÍ. Hann sendi bréf á aðildarfélög ÍSÍ um daginn þar sem hann fór í gegnum tímaramma á vinnu starfshóps á vegum ráðuneytisins sem skila á af sér skýrslu um afreksmál 1. september 2023.

Endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ er 16. mars. Hinrik og Kristleifur mæta f.h. KRAFT.

Verið er að ganga frá samningum fyrir þetta árið.

Stjórn ræddi almennt um styrkjafyrirkomulag Afrekssjóðs.

7. STYRKARAÐILAR

Rætt um styrkaraðila. Nú eru meistaramótum KRAFT streymt og því til upptaka. Spurning hvort auðveldara sé að fá styrkaraðila með þeim möguleikum sem upptaka gefur þ.e. t.d. senda á RÚV sem myndi setja á dagskrá í sjónvarpi (þ.e. ekki bein útsending) ? Lára Bogey heyrir í íþróttadeild RÚV, hvað þarf til að láta þetta hugsanlega ganga upp.

8. HÖFUNDARRÉTTARGJÖLD

KRAFT barst bréf frá STEF vegna höfundarréttargjalda. Í bréfinu er ítrekað að greiða þurfi gjöld vegna notkunar á lögum í útsendingum KRAFT. Í streymi og í keppnum hafa eingöngu verið notuð tónlist sem er ekki með þessum fyrirvara, Er það gert til að upptökur haldist inni á t.d. YouTube. Hinrik sendir svar á STEF.

9. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Þjálfaranámskeið er nk. helgi og er allt klárt fyrir það.

10. TRÚNAÐARBÓK OG ERINDI /FYRIRSPURN TIL STJÓRNAR

Stjórn KRAFT ákvað að taka upp það verklag að færa í sk. trúnaðarbók þau mál og erindi sem eru þess eðlis að þau innihalda persónugreinanlegar upplýsingar, varða viðkvæm mál eða annað sem eðlilegt er að trúnaður ríki um.

Eitt erindi barst stjórn KRAFT sem var fært inn í trúnaðarbók. Erindinu verður svarað af stjórn KRAFT.

Fyrirspurn var send á stjórn KRAFT þar sem spurt var um þátttöku þungaðra kvenna á kraftlyftingamótum. Stjórn KRAFT sendi svar þar sem kemur fram að ekkert í reglum banni þátttöku þungaðra kvenna og KRAFT hafi ekki heldur heimildir samkvæmt reglum til að banna slíka þátttöku. Meginreglan sé að hver keppandi beri ábyrgð á sinni heilsu.

11. ÞINGGERÐ

Pingritari hefur sent á stjórn og þingforseta þinggerð. Er í skoðun.

12. VIGTIN

Endurnýja þarf löggildingu á vigt KRAFT. Lára Bogey kannar málið.

13. ÖNNUR MÁL

- Verið er að skoða að bæta við sérfræðingum sem eru á Norðurlandi (Akureyri) í fagteymi KRAFTS. Lára Bogey kannar.
- Stjórn KRAFT skoði á seinni helming ársins að bæta við í landsliðssamninga n.k. samfélagsskyldu landsliðsfólk. Hún felst í að landslið gefi vinnu sína í ákveðinn fjölda klst eða skipta á mótum innanlands. Þetta fyrirkomulag myndi m.a. hjálpa við að manna mót.
- Á kraftlyftingapingi kom fram tillaga að breytingu um skipulag á kvk og kk hollum. Stjórn KRAFT samþykkti að ritari komi með tillögu að breytingu. Tillaga verður send á höfundar upphaflegu tillögu áður en grein verður breytt í Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni.
- Kveðja fv. formann.

14. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

15. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.05.